

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. nóvember 1994 staðfest skipulag fyrir jörðina Dagverðarnes, Skorradalshreppi.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skorradalshrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

16. nóvember 1994

Nr. 603

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. ágúst 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Breytingin er í því fölginn, að framan við Fjarðargötu 13-15 er gert ráð fyrir að reisa fasta aðstöðu fyrir pylsusölu og klukkuturn, hámark 20 m² að stærð. Auk þess er hinu megin við biðskýlin ætlaður reitur að sömu stærð, fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 16. nóvember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

18. nóvember 1994

Nr. 604

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð fasteigna á landinu hækki um 2%, sbr. þó staflíði b, c og d hér á eftir, og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,02.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða á eftirtöldum stöðum hækki um 6%: Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og Selfossi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,06.